



Námsnefnd í MA námi í náms- og starfsráðgjöf
Félags- og mannvísindadeild - Gimli
Háskóla Íslands
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa, 422. mál. Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2009.

Reykjavík, 18. mars 2009

Námsnefnd í MA námi í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis.

Almennar athugasemdir

Námsnefnd í náms- og starfsráðgjöf fagnar framlögðu frumvarpi og telur að það sé löngu tímabært að afgreidd séu lög sem tryggja ráðþegum faglega þjónustu á sviði náms- og starfsráðgjafa og um leið fái náms- og starfsráðgjafar sérfræðipækkingu sína viðurkennda, líkt og gert hefur verið á öðrum sérfræðisviðum (s.s. kennarar; félagsráðgjafar; sálfræðingar; viðskiptafræðingar; og bókasafnsfræðingar). Það er sérstaklega mikilvægt að lögvernda starsheiti náms- og starfsráðgjafa sem starfa náið með börnum og fullorðnum og veita ráðgjöf sem getur haft mikil áhrif á lífsgæði fólks. Það er ábyrgðarhlutur að leiðbeina fólki um menntakerfið og vinnumarkaðinn og það kallar á að hvergi sé gefið eftir í faglegum og siðlegum vinnubrögðum. Það er best gert með því að tryggja að þeir sem sinna náms- og starfsráðgjöf hafi tilskilda menntun og fagþekkingu og það sé þeim sem þiggja þjónustuna ljóst að svo sé.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

1. grein

Í fyrstu grein kemur fram hver skilyrði um menntun eru til að geta fengið leyfi til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa. Eins og fram kemur í greinargerð hefur nám í náms- og starfsráðgjöf staðið til boða við Háskóla Íslands síðan 1991, fyrst sem eins árs diplómagráða að loknu BA eða B.Ed námi í skyldum greinum (s.s. kennslu, félagsvísindum og kennsluréttindanámi). Frá árinu 2004 hefur verið boðið uppá meistarágráðu í greininni og hafa starfandi náms- og starfsráðgjafar sótt mjög í að bæta við sig seinna ári til MA gráðu. Til stendur að breyta náminu í heildstætt tveggja ára meistaranám í samræmi við Bolognaferlið og til að bæta fagþekkingu stéttarinnar og þjónustu á vettvangi.

Heildarendurskoðun á náminu er langt komin og er gert ráð fyrir að taka upp nýtt skipulag haustið 2010. Við endurskoðunina hefur verið litið til þess sem best gerist erlendis í menntun náms- og starfsráðgjafa, þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf í íslensku menntakerfi og á vinnumarkaði og leitað áhlits þeirra aðila sem að náms- og starfsráðgjöf koma. Löggilding starfsheitis náms- og starfsráðgjafa nú helst því vel í hendur við eflingu námsins og aukna fagþekkingu sem skilar sér í bættri þjónustu sem er í takt við meginmarkmið laganna.

2. grein

Námsbrautin er reiðubúin að veita umsagnir um umsóknir um leyfi til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa í samráði við stjórnvöld og Félag náms og starfsráðgjafa. Við gerum ráð fyrir að sömu eða svipuð vinnubrögð verði viðhöfð og hjá skyldum stéttum (s.s. félagsráðgjöfum og sálfræðingum).

3. grein

Námsnefndin leggur áherslu á að mikilvægt sé að þeir sem hafa viðurkennd réttindi frá EES eða EFTA ríki hafi sambærilega menntun að baki eins og kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. og leitað sé álits matsnefndar áður en leyfi er veitt.

4. grein


Námsnefndin leggur til að að þeir sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. verði veitt tímabundið leyfi til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa. Það er mikilvægt að þeir sem sinna náms- og starfsráðgjöf hafi tilskilda menntun til að tryggja ráðgjöf byggða á faglegri þekkingu.

6. grein

Við viljum einnig taka sérstaklega undir það sem kemur fram í 6. grein að náms- og starfsráðgjafa beri að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum og viðhalda þekkingu sinni. Félag náms og starfsráðgjafa hefur hugað vel að endurmenntun sinna félagsmanna og hefur það í samvinnu við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf fengið hingað reglulega erlenda fræðimenn, fólk úr skóla- og atvinnulífi og þá sem sinnt hafa stefnumótun t.d. í Evrópu. Endurmenntun fagmenntaðra náms- og starfsráðgjafa er mjög brýn og er mikilvægur þáttur í faglegri þjónustu. Í frumvarpinu er þetta undirstrikað og tökum við heilshugar undir það.

Námsnefnd í náms- og starfsráðgjöf styður eindregið framlagt frumvarp.

f.h. Námsnefndar í náms- og starfsráðgjöf



Sif Einarsdóttir, dósent og formaður námsnefndar